

Drög að dagskrá Rýnisferðar



Verkfæðingafélag Íslands

23. september. Sunnudagur.

Kl. 9:00 til 19:00.

Frjáls tími til að skoða nær umhverfið eða hafa notalegt á hótelinu.

Kl. 19:00 *Singapore by night*, kvöldsigling og matur.

Farið frá hóteli með rútu og ekið niður að Singapore river. Farið i siglingu í „Bum boat“ bátum þar sem gefur að líta hina miklu andstæður arkitektúrs gamalla bygginga og nýrra skýjakljúfa. Siglt undir margar gamlar og nýjar brýr sem tengja saman borgahlutana.

Sjávaréttakvöldverður (innifalinn) á einum af fjölmörgum veitingastöðum á Roberstson Quay svæðinu sem liggur meðfram ánni. Farið að heimsins stærsta gosbrunni og í heimsókn á kvöldmarkað í Burgisstreet.

Komið heim á hótél um kl 22:00.



24. september. Mánudagur.

Kl. 10:00 *Gardens by the bay ferð. Stærstu ylgarðar í heimi*

Farið með rútu frá hótelinu að Gardens by the bay. Heimsóttir verða tíu fallegustu „Sky Gardens“ í heimi, eru á 100 hektara svæði. Í görðunum eru yfir milljón plöntur og 5000 tegundir. Á svæðinu eru stærstu ylgarðar heims (Flower dome) samkvæmt Guinness World Records. Í gróðurhúsinu hafa verið settir upp tíu mismunandi garðar með plöntum frá fimm heimsálfum. Gengið verður um 130 metra langa göngubrú sem staðsett er í 25 metra hæð og gefur góða yfirsýn yfir svæðið.



Garden by the Bay



Cloud Forest



OCBC Skywalk

Komið heim á hótél um kl 13:30. Eftirmiðdagur og kvöldið frjálst

25. september. Þriðjudagur.

Kl. 9:00 Ferð fyrir „fræðinga“.

Farið í heimsókn til Holcim sem er einn stærsti framleiðandi Asíu á ýmiss konar byggingarefnum <http://www.holcim.com.sg/>.

Kl. 12:00 Léttur hádegisverður.

Kl. 13:30 – 15:00 Heimsókn í Tækniháskólann í Singapúr NTU sem er efstur á lista yfir bestu tækniháskóla Asíu. Komið heim á hótél kl. 16:00.

Kl. 9:30 Ferð fyrir maka: Peranakan slóðir.

Farið verður í skoðunarferð á svæði Peranakan Babas (karla) og Nonya (konur) sem er samheiti frumbyggjanna sem settust fyrst að í Singapúr. Að aflokinni heimsókn í kryddgarðinn verður gengið um verslunargötur Peranakan svæðisins sem byggt var á árunum 1920 - 1930. Í lokin verður boðið upp á smökkun á ýmsum Peranakan smáréttum.

Komið heim á hótél um kl 13.30.



Kl. 20:30 – 22:30. Sameiginlegur kvöldverður fyrir allan hópinn. Fjölbreytt veisluhlaðborð. Matur innfalinn í verði.

26. september. Miðvikudagur.

Frjáls dagur.

Tilvalið að skoða eitthvað af eftirfarandi stöðum: Universal studios, dýragarðinn, verslunargötur, hvíla sig við laugina eða skoða eitthvað annað áhugavert.

27. september. Fimmtudagur. Fræðingar

Dagskrá frá kl. 9:30 – 15:30.

Dagur þessi er skipulagður af verkfræðingafélaginu í Singapore. Farið í heimsókn á byggingasvæði, höfnina, skipulagssafnið eða annað.

28. september. Föstudagur. Fræðingar

Kl 9:30 til 14:00. Heimsókn til fyrirtækja og / eða stofnana.

Endanleg dagskrá liggur ekki fyrir

29. september. Laugardagur.

Frjáls dagur. Tilvalið að fara í miðbæinn eða skoðunarferð á eigin vegum.

Heimferð Rýnishóps til Kaupmannahafnar.

Brottför með rútu frá hóteli um kl. 20:30. Flugtak kl. 23:50 landing í Kaupmannahöfn
30. september kl. 06:25.

Ferð til Balí.

Hópnum verður líklega skipt niður á 2-3 flug um morguninn og síðdegis til Balí.
Farþegar verða sóttir með rútu og ekið inn á hótél sem er um 30 mínútna akstur.

Gististaðir

Singapúr

Gist verður á Furama City Center hotel sem er glæsilegt 4 stjörnu hótél í miðbæ Singapúr <https://www.furama.com/citycentre>. Morgunmatur innifalinn.

Balí

Boðið verður upp á eftirtalda gistinguöguleika í borginn Sanur á Balí 29.september- 6. október.

1. Swiss-BelResort Watu Jimbar 4. stjörnu 350 herbergja, 300 metra frá ströndinni. Morgunmatur innifalinn. <http://www.swiss-belresortwatu jimbar.com/>.
2. Hotel Fairmont Sanur afar glæsilegt 5 stjörnu 120 herbergja lúxus hótél við ströndina. Stærð herbergja er 90 fermetrar auk 30 fermetra svala. Morgunmatur innifalinn. <http://www.fairmont.com/sanur-bali/>

Verð

Áætlaður kostnaður pr. farþega. Verð miðast við gengið 16.85 DKR

Sama verð er frá Kaupmannahöfn eða London.

1. Rýnispakkinn til Singapúr :228 þúsund tveggja manna herbergi, 298 þúsund eins manns herbergi. Innifalið: Flug, rútur til og frá flugvelli hótélgisting með morgunmat, skoðunarferðir, tveir kvöldverðir o.fl.

2. (Rýnispakkinn) og Balí: 3 klst. flug, rúta til og frá flugvelli, gisting með morgunmat. **Viðbótarkostnaður**

Hotel Swiss-BelResort: 77 þúsund fyrir tveggja manna herbergi og 113 þúsund fyrir eins manns herbergi.

Hotel Fairmont: 150 þúsund fyrir tveggja manna herbergi og 255 þúsund fyrir eins manns herbergi.

Skráningar.

Tekið verður við skráningum frá og með þriðjudeginum 23. janúar kl. 9:00 á netfanginu:skrifstofa@verктаekni.is. Eftirtaldar upplýsingar þurfa að koma fram í skráningu

1. Nöfn og kt. farþega ásamt netfangi
2. Rýnispakki eða Rýnispakki + Bali
3. Hotel á Bali hótél Swiss resort eða hótél Fairmont
4. Brottför / heimkoma London eða Kaupmannhöfn

Athugið ekki er vist að hægt verði að verða við óskum allra um brottfararstaði.

Við röðun skráningar gildir fyrstur skráir, fyrstur fær.

Skráningar sem berast fyrir kl. 09:00 þriðjudaginn 23 janúar eru ekki teknar gildar. Að loknum skráningum eða eigi síðar en 30. janúar verður send út beiðni um greiðslu staðfestingargjalds kr.50.000 á farþega sem greiða skal fyrir 6. febrúar. Staðfestingargjald er ekki endurgreitt nema takist að fylla sæti þeirra sem kunna að forfallast.

Eins og áður er ferðin opin öllum félagsmönnum VFÍ ásamt mökum.

Birt með fyrirvara um prentvillur.

Undirbúningsnefnd

Jóhannes Benediktsson

Hreinn Ólafsson

Þorvarður Jóhannesson